

Sprenging í aðsókn hjá Geðhjálp



Geðhjálp annar vart eftirspurn svo mikil er aðsóknin. Þar finna menn greinilega fyrir langri bið hjá eftir þjónustu hjá Landspítalanum.

Yfirlæknir göngudeildar geðsviðs Landspítalans sagði í fréttum klukkan sjö að biðtími fyrir sjúklinga gæti verið allt að fjórir mánuðir.

Eva Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp, segir þau hjá Geðhjálp finna fyrir auknum biðtíma á göngudeildinni á Landspítalanum. Þegar fólki sé leiðbeint hjá Geðhjálp sé því oft en áður beint til sjálfstætt starfandi geðlækna eða sálfræðinga. Hún segir að erfitt sé að komast að hjá geðlækni, sérstaklega sem nýr sjúklingur. Það sé einnig dýrt að fara til sálfræðings, of dýrt fyrir suma. Og þá er vísað á heilsugæsluna, segir Eva, en oft sé vandinn orðinn svo brýnn hjá sumum, hann sé jafnvel komin fram yfir það sem heilsugæslan geti sinnt.

Aðspurð að því hvernig ástandið var í október segir Eva: „Það var bara algjör sprenging hjá okkur sérstaklega eftir 10. október, alþjóða geðheilbrigðisdaginn, af því að það var svo mikil umfjöllun í fjölmiðlum. Það er eins og það hafi ýtt undir að fólk leiti sér aðstoðar og við erum í rauninni bara að drukkna eins og er.“

Erfitt er að komast að hjá geðlæknum á einkastofum en þeim hefur fækkað. Margir þeirra hafa nýlega hækkað gjaldskrá um tíu prósent og það kemur verst niður á öryrkjum því þeir hafa minnst á milli handanna og þurfa nú að greiða 2000 krónur í stað 800 króna auk lyfja- og rannsóknarkostnaðar. Fyrsta tími hjá geðlækni kostar hins vegar tólf þúsund krónur.